



## Fundur í Fræðslunefnd

**25. fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn þriðjudaginn 22. nóvember 2016 og hófst kl 15:00.**

**Mætt voru:** Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Stefán Benjamínsson, Svala Sævarsdóttir, Kristinn Lárusson, María Guðmundsdóttir, Ásdís Hrönn Viðarsdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Axel Jóhannesson, Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

### Dagskrá:

#### 1. Leikskólinn Barnaból

##### a. Skýrsla skólastjóra

Veturinn hefur farið vel af stað en starfsmannaforföll hafa verið töluverð og má segja að vantað hafi 1 starfsmann alla haustmánuðina. Þrátt fyrir það hefur starfið gengið ágætlega og verið í föstum skorðum. Mikið leyst með því að skólastjóri leysi af inná deild.

Leikur að læra verkefnið hefur gengið mjög vel og almenn ánægja er hjá starfsfólki, nemendum og foreldrum. Skólinn er á fyrsta innleiðingarári af fimm (ef allur pakkinn er tekinn). Fyrir fyrsta árið var fenginn styrkur frá Lýðheilsustöð en leysa þarf kostnaðarliðinn varðandi framhaldið.

Hver lota spannar 3 mánuði og er síðan pásá á milli. Foreldraverkefni eru lögð fyrir 2x í viku, um það bil 5 mínútur að morgni.

Allir starfsmenn fóru á LAL ráðstefnu í Mosfellsbæ 4. nóvember

Foreldrasamtöl voru 25. og 27. október.

Búið að leggja fyrir HLJÓM.

Ýmislegt annað brallað s.s. bókavika, útidagur, hitað kakó úti, dótalaus dagur, hnattrænt jafnrétti, pappírsgerð, bleikur dagur, blár dagur, vinavika o.m.fl.

Skólaþjónustan hefur verið að koma reglulega.

##### b. Starfsáætlun 2016-2017 lögð fram til kynningar.

##### c. Skólanámsskrá 2016-2017 til kynningar verður send á nefndina í tölvupósti.

#### 2. Grunnskólinn á Bakkafirði

##### a. Skýrsla skólastjóra

Nemendum fækkaði umtalsvert í haust. Veraldarvinir bjuggu í skólanum fyrst í haust.

Listakona kom í september og vann listaverk með krökkunum úr plasti, þ.e. alls konar plastúrgangi/rusli.

María skólastjóri fór á ráðstefnu í Reykjavík í haust í framúrskarandi skólastarfi.



## LANGANESBYGGÐ

Þemaverkefni um Halldór Laxness var unnið á haustmánuðum og var svo kynnt á degi íslenskrar tungu sem og vinnustofuskil 1 og 2.

Nemendur og kennarar tóku þátt í fjölgreindarleikunum með Grunnskólanum á Þórshöfn í byrjun október.

10. bekkur fór í skólakynningu ásamt efstu bekkjum frá Þórshöfn til Akureyrar. Skólinn er í tveimur þróunarverkefnum í vetur, öðru tengdu Hollandsferðinni sem þau fóru í fyrra. Það er tvíþætt, annars vegar þar sem nemendur taka á móti fólki og heimsækja, hins vegar þar sem nemendur frá Bakkafirði fara út til Den Haag. Hitt er Comeniusarverkefni tengt 5 öðrum löndum, til 2ja ára þar sem grunnskólinn heimsækir/tekur á móti kennurum og foreldrum úr hinum skólunum.

Málningarvinna fór af stað í haust en gekk hægt og er komin á pásu. Leki kom í kjallarann í haust.

*b. Skólanámsskrá 2016 – 2017*

Lögð fram til kynningar

*c. Starfsáætlun fyrir skólaveturinn 2016-2017*

Lögð fram til kynningar

### 3. Grunnskólinn á Þórshöfn

*a. Skýrsla skólastjóra*

Skólabyrjunin var brött þar sem skólaþing var frestað vegna framkvæmda. Tölvumál hafi ekki gengið vel og töluvert vesen með tengingar við vefþjón og þjónustu tengdri því. Einnig hefur mikil vinna verið hjá skólastjóra við afleysingar. Skólabragurinn hefur verið mjög góður, starfsfólk og nemendur jákvæðir og almenn ánægja. Þrír nýjir kennarar sem gengur vel með, tveir af þeim eru í kennaranámi og þarf þá að jafna út með afleysingu. Einnig hefur verið töluvert um frí hjá starfsfólki en notað er skiptitímakerfi til að dekkja þá tíma. Veikindi hafa verið lítil bæði hjá starfsfólki og nemendum.

67 nemendur eru skólanum í haust.

4 starfsmenn fóru á Teach námskeið á Húsavík til að læra hvernig gott er að vinna með börnum með sérþarfir. Mörg börn með greiningar og því nauðsynlegt að geta sinnt þeim vel.

Ákveðið hefur verið að beina kröftum starfsfólks meira inná við frekar en í þróunarverkefni þennan veturinn. Unnið er að mörgum verkefnum sem efla kennslu s.s. Art, námsefniskrár o.fl.

Fjölmenningarverkefni sem sótt var um í Sprotasjóð hefur ekki farið af stað en óskað hefur verið eftir fresti til vinna það í vetur.

Þó nokkuð fleira verið í gangi í haust, heimsóknir, ferðir og uppákomur t.d. kennaranemi frá Vopnafirði, listasmiðja kom í heimsókn, skólakynningar 10. bekkjar til Akureyrar, Eiðurinn sýning á Vopnafirði, Fjölgreindarleikar o.fl. Foreldrafélagið færði skólanum útileiktæki að gjöf.

*b. Skólanámsskrá 2016 – 2017*

Lögð fram til kynningar



## LANGANESBYGGÐ

c. *Starfsáætlun fyrir skólaveturinn 2016-2017*

Lögð fram til kynningar

### 4. Tónlistarskólinn á Þórshöfn

a. Drög að reglugerð fyrir Tónlistarskóla Langanesbyggðar

Lögð fram til samþykktar.

Samþykkt með áorðnum breytingum, samhljóða.

b. Drög að skólanámsskrá Tónlistarskóla Langanesbyggðar

Lögð fram til kynningar

c. Drög að starfslýsingu fyrir deildarstjóra Tónlistarskóla Langanesbyggðar

Lögð fram til kynningar

Hugleiðingar á fundinum varðandi starfshlutfall tónlistarkennara og þá staðreynd að einungis er hægt að bjóða uppá hálf náms nám fyrir 50% nemenda á grunnskólaaldri. Mikilvægt að hugsa hlutina í samvinnu við aðra í samfélaginu s.s. fullorðinskennslu, eldri borgarastarf og kórastarf.

### 5. Skólaakstur

Skólaakstur útá Langanes hefur ekki gengið sem skyldi, þar sem tímar á milli barna á Ytra-Lóni og Sauðanesi passa ekki saman á morgnana.

Stefnt er á fund hið fyrsta með málsaðilum til að finna lausn á málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:20